

pola til Vegagerðar ríkisins. Gerðarþoli rekur ekki bílaakstur eða bílaleigu fyrir almenning. Hann ekur þessum bíl í vinnutíma sínum hjá vegagerðinni, og leigan fyrir bílinn er ákveðin í almennri gjaldskrá vegagerðarinnar. Skýtur þetta mjög skökku við fyrirkomulag atvinnurekenda, svo sem sjálfseignarbílstjóra. Þessi „atvinna“ gerðarpola er þar að auki fjarri því að geta talizt „sjálfstæð“, þar eð hún er bundin við starf hans hjá vegagerðinni; með tilliti til gjaldskipaninnar (taxta vegagerðarinnar), mætti enda segja með gildum rökum, að leigan á bílnum sé þáttur í launakjörum gerðarpola hjá vegagerðinni.

Framanritaðar ályktanir leiða til þess, að synja verður um gerðina. Rétt þykir, að gerðarbeiðandi, Akureyrarbær, greiði gerðarpola, Guðmundi Benediktssyni, málskostnað, er ákveðst kr. 1.500.00.

Úrskurðarorð:

Umbeðin lögtaksgerð skal ekki fara fram. Gerðarbeiðandi greiði gerðarpola kr. 1.500.00 í málskostnað.

Föstudaginn 13. október 1967.

Nr. 54/1966. **Jóhanna Fossberg** (Magnús Thorlacius hrl.)
 gegn
Þórarni Steingrímssyni og gagnsök
 (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Yfirúttekt. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m., og gert þær dómkröfur, „aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til uppkvaðningar dóms af nýju, en *til vara*, að“ hún „verði sýknuð af öllum kröfum“ gagnáfrýjanda. Hún krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. maí 1966 og krafizt þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 117.763.77 ásamt 7% ársvöxtum frá 8. júní 1964 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Yfirúttektargerð sú, sem mál þetta fjallar um, er eigi í eðli sínu dómsathöfn og verður eigi að lögum dómsathöfn fyrir þær sakir, að yfirúttektarmenn eru í 53. gr. ábúðarlaga nr. 36/1961 nefndir yfirúttektar- og virðingardómur, og sýslumaður er skipaður oddviti þeirra. Verður yfirúttektargerðinni því hvorki skotið sem dómsathöfn til Hæstaréttar samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1962 né öðrum réttarreglum. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Yfirúttektargerð Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 16. október 1965.

Frú Jóhann Fossberg í Reykjavík hefur með bréfi, dags. 11/8 1964, krafizt yfirúttektar vegna úttekta á eignarjörð sinni, Gljúfurá í Borgarhreppi í Mýrasýslu, sem fram fór 30. júlí 1964 og framkvæmd var af úttektarmönnum Borgarhrepss, þeim Sigþóri Þórarinssyni, hrepstjóra í Einarsnesi, og Kristjáni Fjeldsteð, bónda í Ferjukoti. Fráfarandi er Þórarinn Steingrímsson, nú bóndi á Langárfossi í Álftaneshreppi. Landeigandi leggur málið fyrir yfirúttektar- og virðingardóm Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem stofnaður var með lögum nr. 36/1961 og er skipaður skv. 53. gr. þeirra laga sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og tveim meðdómsmönnum, þeim Kristjáni Guðmundssyni afgreiðslumanni, Borgarnesi, og Oddi Kristjánssyni hrepstjóra, Steinum í Stafholtstungum.

Dómurinn lítur svo á, að með setningu hinna nýju ákvæða í 53. gr. laga nr. 36/1961 hafi verið settar réttarfarsreglur, sem eðlilegt sé, að komi strax til framkvæmda, enda þótt um lögskipti aðiljanna í máli þessu fari að öðru leyti eftir því, sem við á eftir lögum nr. 19/1933. Til ábúðar þeirrar, sem hér er

fjallað um, var stofnað á gildistíma þeirra laga. Þessi skilningur virðist samrýmanlegur orðalagi 55. gr. laga nr. 36/1961, og bæði sóknaraðili- og varnar hafa samþykkt þessa málsmeðferð, þótt þá greini að öðru leyti á um það, eftir hverjum lagaákvæðum fjallað skuli um úttekt jarðarinnar Gljúfurár.

Málið var dómtekið hinn 2. október 1965.

Sóknaraðili gerir þær kröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum varnaraðilja, Þórarins Steingrímssonar, og að hann verði dæmdur til þess að greiða sóknaraðilja málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu varnaraðilja eru gerðar þær kröfur, að kröfum sóknaraðilja verði eigi sinnt, enda verði hin áfrýjaða úttekt staðfest með þeim breytingum í hag varnaraðilja, sem hann gerir grein fyrir í greinargerð. Þá krefst varnaraðili þess, að honum verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að hinn 24. janúar 1944 byggði Gunnlaugur J. Fossberg, kaupmaður í Reykjavík, eiginmaður sóknaraðilja, eigandi Gljúfurár í Borgarhreppi, þá jörð varnaraðilja, Þórarni Steingrímssyni, nú bónda á Langárfossi í Álftaneshreppi, sbr. dskj. nr. 4. Landskuld átti ábúandi að greiða með því að 1) bera hæfilegan húsdýraáburð í tvo jarðeplagarða og stinga þá upp að vori, 2) láta af hendi húsdýraáburð í trjárgarða, 3) láta í té hagagöngu handa tveim hestum og fódra þá að vetrinum eða sem því svarar.

Gunnlaugur Fossberg lézt 28. okt. 1949. Eftir lát hans virðist ábúandi eigi hafa greitt landskuld.

Hinn 17. janúar 1964 sagði varnaraðili jörðinni lausri. Úttekt fór fram 6. júní þ. á. að kröfu varnaraðilja, dskj. nr. 2.

Í úttektargerðinni frá 30. júlí 1964 meta úttektarmenn ógreitt jarðarafgjald í 10 ár á kr. 32.500.00, og er fráfarandi ábúandi, Þórarni Steingrímssyni, gert að greiða landeiganda þá fjárhæð. Undir úttektargerðina ritaði fráfarandi ábúandi nafn sitt sem samþykku henni.

Fyrir þessum dómi hefur hann krafizt þess, að sér verði eigi gert að greiða nema fjögurra ára landskuld, þ. e. endurgjald fyrir leigu jarðarinnar síðustu fjögur árin, sem hann bjó á Gljúfurá. Byggir varnaraðili þessa kröfu sína á því, að landskuldin sé fyrnd nema síðustu fjögur árin. Sóknaraðili hefur mótmælt fyrningu, m. a. vegna þess, að varnaraðili hafi samþykkt þessa kröfu.

Í lögum nr. 14 frá 1905 segir í 3. gr., að kröfur um landskuld fyrnist á 4 árum.

Formleg heimild til fyrningar í þessu tilviki svo og innri skilvirkni fyrir henni virðast vera fyrir hendi.

Hér er um kröfu að ræða, sem greiðast átti árlega í friðu, vinnu og afnotum peningahúss. Það er viðurkennt í málinu, að varnaraðili hafi eftir lát Gunnlaugs Fossbergs á árinu 1949 ekki verið krafinn um eftirgjald af jörðinni. Þótt varnaraðili hafi eigi beinlínis gagnáfrýjað úttektargerðinni, verður að telja, að krafa hans um fyrningu frá upphafi meðferðar máls þessa komi nægilega fram, þannig að hún verði tekin til greina, enda ljóst, að forsundur þess, að varnaraðili ritaði undir úttektarbókina, voru þær, að heildarniðurstaða úttektarinnar næði fram að ganga. Það er föst venja, að yfirúttekt fjalli um úttektina í heild, og verður ekki talið, að varnaraðili hafi fyrirt sig rétti til þess, að krafa um landskuld væri endurskoðuð svo sem aðrir þættir úttektarinnar, þótt hann hafi ritað undir úttektargerðina.

Fellst dómurinn á, að landskuldin sé fyrnd nema eftirgjald síðustu ára. Í ábúðarsamningi, dags. 24. 1. 1944, milli aðilja er talið upp, í hverju landskuldin skuli greiðast, sbr. dskj. nr. 4. Eigi verður landskuld þeirra fjögurra ára, sem ófyrnd er, lengur greidd með þeim hætti, sem segir í samningi aðilja. Verður því að meta hana til peninga, og er það raunar í samræmi við orðalag samningsins, sbr. 3. lið í síðasta hluta samningsins, sem fjallar um aðalatriði landskuldarákvæðisins, en þar virðist gert ráð fyrir, að ábúandi greiði það, sem svarar fóðrun og hirðingu tveggja hesta. Verður eigi öðru vísi skilið en að átt sé við andvirði fóðurs og vinnu í peningum. Haft var samráð við ráðunaut Búnaðarsambands Borgarfjarðar um, hvernig skyldi meta til peningaverðs vinnu og fóður, sem samsvarar ákvæðum ábúðarsamningsins, sbr. 53. gr. laga nr. 36/1961.

Meðalkostnaður við fóðrun og hirðingu hests er metin á kr. 3.000.00 árin 1961—64 fyrir hvert ár. Kostnaður vegna tveggja hesta í fjögur ár kr. 24.000.00
Önnur landskuld skv. samningnum er metin á kr. 1.000.00 á ári í fjögur ár — 4.000.00
Eftir athugun íbúðarhússins á Gljúfurá þykir dómnum rétt að ákveða sóknaraðilja álag á húsið . . . — 20.000.00
Þá viðurkennir dómurinn skyldu varnaraðilja til þess að greiða lán það, sem tekið var í Ræktunarsjóði Íslands 14. 2. 1957 og virðist að mestu hafa verið notað til húsabóta — 16.800.00
Þá er og viðurkennd skylda varnaraðilja til þess að

greiða ræktunarsjóðslán að fjárhæð kr. 14.000.00 (var upphaflega kr. 15.000.00), en sjálfur hefur varnaraðili greitt kr. 1.000.00 kr. 14.000.00

Samkvæmt framansögðu ber varnaraðilja að greiða sóknaraðilja kr. 78.800.00

Aðrar kröfur sóknaraðilja um greiðslur frá varnaraðilja verða eigi teknar til greina, þar sem þær eru eigi nægilega rökstuddar.

Að því er varðar einstakar kröfur varnaraðilja á hendur sóknaraðilja:

1) Í úttektinni er ákveðið, að sóknaraðili skuli greiða varnaraðilja kr. 9.600.00 sem álag á íbúðarhúsið. Þar sem loft, veggir, eldhúsborð og skápar eru í svo slæmu ástandi, að telja verður húsið óíbúðarhæft, þykir rétt að fella þá ákvörðun niður.

2) Heyhlaða og votheysgryfja var í úttektinni metin á kr. 23.876.00. Virðist eðlilegt mat og stendur óraskað. Krafan um greiðslu er í samræmi við ákvæði 13. gr. laga nr. 87/1933, og verður krafa sóknaraðilja um fyrningu því eigi tekin til greina Kr. 23.876.00

3) Fjánhús á Gljúfurá eru eldri en fram kemur í úttektargerðinni. Þar eru þau sögð endurbyggð á árunum 1945 og 1958. En samkvæmt dskj. nr. 40 virðist síðari endurbygging þeirra hafa farið fram 1955. Ber að taka tillit til þess í matinu, að því er fyrningu varðar. Þykir hæfilegt að meta þennan lið á . . . — 19.000.00

4) Girðingar á Gljúfurá hefur dómurinn skoðað, og virðist rétt, að sóknaraðili greiði þær þannig:

a) Standi óbreytt svo sem er í úttektinni — 2.400.00

b) Í þeirri girðingu þykir sanngjarnt að meta metrann á kr. 10.00 — 1.800.00

c) Hæfilega metið á kr. 5.00 metrann \times 670 — 3.350.00

d) Hæfilega metið á kr. 12.00 metrann \times 422 — 5.064.00

e) Hæfilega metið á kr. 15.00 metrann \times 360 — 5.400.00

5) Vatnsveita þykir hæfilega metin á — 5.000.00

6) Dómurinn hefur rannsakað ræktunarframkvæmdir allar á Gljúfurá og framkvæmt nýtt mat á þeim. Við matið er lagt til grundvallar áætlaður ræktunarkostnaður á hektara, kr. 12.000.00, og er þá gert ráð fyrir því, að landið hafi áður verið þurrkað með opnum skurðum, en skurðarruðningnum hafi ekki verið jafnað út. Frá þessum kostnaði dregst 7%

árleg fyrning fyrir ræktun hvers einstaks árs. Þó er fyrning ekki reiknuð næsta ár, eftir að nýrækt er tekin út og mæld vegna jarðræktarframlags. Á þennan hátt verður fyrning af nýræktinni talin alls kr. 46.713.84, en upphaflega verðmæti ræktunarinnar, sem er 11.890 hektarar, verður 142.680.00. Verðmæti ræktunarinnar að frádreginni fyrningu verður kr. 95.966.16.

Eigi verður sóknaraðili þó dæmdur til að greiða þá fjárhæð alla sökum þess, að frá þeirri upphæð ber að draga ræktunarstyrk þann, sem ríkissjóður hefur sannanlega greitt vegna þessara ræktunarframkvæmda. Verður það kr. 27.000.00. Verður verðmæti ræktunarinnar þá kr. 68.966.16. Kemur þá enn til að meta frádrátt vegna vanræktar á 1.3 hektara af umræddu ræktunarlandi, og lægra mat verður að viðhafa á þeim hluta túnsins, sem er endurræktun á gömlu túni. Verður hvoru tveggja þetta metið á kr. 8.966.16. Endanlegt mat túnsins verður þá kr. 60.000.00

7) Skurðirnir. Samkvæmt framlögðum reikningi á dómsskjali nr. 81 hefur varnaraðili greitt kr. 17.517.00 fyrir gröft á framræsluskurðum. Verður að viðurkenna skyldur sóknaraðilja til þess að greiða þann kostnað að frádregnu ríkisframlagi, heildarkostnaður við skurðina er kr. 44.000.00. Framlag ríkisins kr. 29.500.00. Mismunur er því — 14.500.00

8) Safnþró er hæfilega metin á — 174.00

Samtals kr. 140.564.00

Frá dregst skuld varnaraðilja — 78.800.00

Mismunur kr. 61.764.00

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Ferðakostnaður og þóknun meðdómsmanna greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Sóknaraðili, frú Jóhanna Fossberg, greiði varnaraðilja, Þórarni Steingrímssyni, kr. 61.764.00 með 7% ársvöxtum frá 30. júlí 1964 til greiðsludags að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður. Ríkissjóður greiði þóknun og ferðakostnað meðdómsmanna.